



GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ SPILA ÍSHOKKÍ

Spennandi!

Íshokkí er spennandi íþrótt! Börn njóta þess að fá tækifæri til að iðka spennandi íþrótt sem býður upp á að læra fullt af nýrri og mismunandi tækni.

Þetta er hópíþrótt

Það er fátt betra en að vera í liði. Íshokkí-leikmenn eignast vini um leið og þeir læra um hópvinna, traust og ábyrgð – eiginleika sem endast ævilangt.

Það er öruggt að spila

Þetta er ekki atvinnu íshokkí – ákeyrslur eru ekki leyfðar í yngri flokkunum og í kvenna-hokkí og slagsmál eru ekki leyfð. Varnarbúnaður er góður þannig að meiðsli eru sjaldgæf.

Fjölskylduandi

Það er skemmtilegt að horfa á íshokkí, tækifæri gefst til að kynnast nýju fólki og eignast nýja vini. Þetta er íþrótt sem öll fjölskyldan getur notið saman – við að spila eða horfa á!



Lærðu meira

Til að læra meira um íshokkí er hægt er fara á síður skautafélaganna

www.bjorninn.com,
www.sasport.is og
www.skautafelag.is.

Einnig heimasíða Íshokkísambands Íslands www.ihf.is eða síða Alþjóða íshokkísambandsins www.iihf.com. Þar eru fréttir úr íshokkiheiminum og ýmis annar fróðleikur tengdur íshokki.

Hafðu samband

Ef barnið þitt hefur áhuga á að prófa að æfa íshokkí þá geturðu haft samband við Íshokkísamband Íslands eða eitt af skautafélögnum til þess að fá meiri upplýsingar. Hægt er að fá nauðsynlegan útbúnað lánaðan.

Play ice hockey
Have fun!



Skautafélagið þitt



Íshokkísamband Íslands

Engjavegi 6,
108 Reykjavík
Ísland
ihf@ihf.is

www.ihf.is



Welcome
to ice hockey!



INTERNATIONAL
ICE HOCKEY
FEDERATION



ice hockey
is for me



Hvað er íshokkí?

Íshokkí er hraðasta hópíþrótt í heimi með næstum 2 milljónir leikmanna, bæði stráka og stelpur, á öllum aldri.

Íþróttin byggist á samvinnu, aga og hraða. Hinir ungu leikmenn byrja að læra skauta- og kylfutækni um leið og þeir stíga út á ísinn – og skemmta sér konunglega á meðan.

Það er skemmtilegt að horfa á íshokkí og enn skemmtilegra að spila! Íshokkísamband Íslands býður þig velkominn til leiks í íshokkí.

IIHF er yfir öllu íshokkístarfi í heiminum og Íshokkísamband Íslands og sambönd 68 annarra landa eru meðlimir. Heimsmeistarakeppni allra deilda og keppnin á Ólympíuleikunum heyrir undir IIHF, eins og þróun og kynning á íþróttinni um allan heim.



What?




Why?

Af hverju að vera með?

Hagur barna af því að æfa íshokkí er fjölbreytilegur. Að spila íshokkí eflir sjálfsöryggi, íþróttamennsku og sjálfstraust. Þjálfunin eykur snerpu, styrk og samhæfni. Mikilvægast er þó að þau skemmta sér í heilbrigðu og öruggu umhverfi.

Margir af þeim eiginleikum sem þau læra í skautahöllinni styðja við þá sem þau læra heima hjá sér. Til dæmis eru hópvinna og að deila með öðrum mikilvægir eiginleikar í hinu daglega lífi hvar sem er.



How?

Góð byrjun

Grunnurinn er mikilvægastur í hvaða menntunarferli sem er. Með því að kynna leikinn fyrir börnunum á jákvæðan og skemmtilegan hátt, munu þau ekki bara njóta upplifunarinnar heldur vilja koma aftur og spila meira.

IIHF býður upp á kerfi sem kynnir íshokkíþróttina fyrir börnum á áhugaverðan hátt. Lærðu að spila kerfið kennir undirstöðuatriðin í andrúmslofti án keppni þannig að fyrstu skrefin eru tekin á öruggan og ánægjulegan hátt.

IIHF leggur áherslu á SANNGIRNI, DRENGSKAP og VIRÐINGU við alla sem taka þátt: leikmenn, liðsfélaga, mótherja, starfsmenn leikja og liða og foreldra, á öllum stigum. Það á að kenna börnum SANNGIRNI, DRENGSKAP og VIRÐINGU og halda þessum skilaboðum stöðugt á lofti.

